

Erindisbrjef

fyrir fræðslunefndir.

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 59, 22. nóvbr. 1907, um fræðslu barna, eru sett eftirrituð ákvæði um skyldur og störf fræðslunefnda.

1. gr.

Fræðslunefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í sínu fræðsluhjeraði undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins.

2. gr.

Fræðslunefnd semur frumvarp til fræðslusamþykktar fyrir það fræðsluhjerað, sem hún er skipuð fyrir, sjer um samþykki þeirra manna á frumvarpinu, sem hlut eiga að máli, og sendir það síðan yfirstjórn fræðslumála til staðfestingar. Hún sjer um alla framkvæmd á fræðslusamþykkt, og kærir til sekta, ef út af er brotið.

3. gr.

Það er skylda fræðslunefndar að hafa gætur á, að börn njóti á heimilum sínum nauðsynlegrar tilsagnar, og komist hún að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi kenslu, ber henni að gjöra ráðstöfun til að þeim sje komið fyrir, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn.

Reynist börn, sem til prófs koma, og yngri eru en 14 ára, svo vankunnandi, að líkur sjeu til, að þau nái ekki lögskipaðri kunnáttu áður en þau eru 14 ára fullra, ber fræðslunefnd að sjá um, að lögð verði við þau meiri rækt en áður, og má kaupa handa þeim sjerstaka kenslu, ef þörf er á.

4. gr.

Fræðslunefnd semur reglugjörð um það, hversu kenslunni skuli haga í sínu fræðsluhjeraði og fær samþykki yfirstjórnar fræðslumála á henni. Hún sjer um að barnafræðslan í hjeradinu fari fram eins og reglugjörðin mælir fyrir; hún annast um, að herbergi þau, sem kenslan fer fram í, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hættu búin; sjer um útvegur á nauðsynlegum kensluáhöldum og öllu því öðru, sem nauðsynlegt er til þess, að kenslan geti farið vel fram og borið góðan árangur.

5. gr.

Fræðslunefnd ræður kennara, einn eða fleiri, eftir því sem þörf er á, eftir því sem fræðslusamþykkt ákveður, og skulu þeir kennarar, sem lokið hafa kennaraprófi, jafnaðarlega vera látnir ganga fyrir öðrum.

79

11. júlí.

6. gr.

Árlega skal fræðslunefndin semja og senda hreppsnefndinni áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert. Fræðslunefnd varðveitir það fje, sem veitt er til kenslunnar og ráðstafar því.

7. gr.

Hin árlegu próf skal fræðslunefndin skipa fyrir um í samráði við próf-dómanda þann, sem skipaður er af yfirstjórn fræðslumála, og sjer um, að öll þau börn, sem að lögum eru skyld til að koma til prófs, komi reglulega til ársprófa, og kærir til sekta, ef út af er brotið.

8. gr.

Beiðni um landssjóðsstyrk til barnafræðslunnar semur fræðslunefndin og sendir yfirstjórn fræðlumála ásamt þeim skýrslum og skirteinum, sem yfirstjórnin fyrirskipar.

9. gr.

Rita skal fræðslunefndin í gjörðabók allar ályktanir sínar um fræðslumál hjeradsins, og skal gjörðabókin vera í vörslum formanns nefndarinnar.

Þetta kunngjöríst hjer með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 11. júlí 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

80

11. júlí.

Reglur

um kensluáhöld farskóla.

Til þess að farskóli geti orðið aðnjótandi landsjóðsstyrks samkvæmt 22. gr., sbr. 20. gr. laga frá 22. nóvbr. 1908, um fræðslu barna, verður skólinn að hafa þau kensluáhöld að minsta kosti, er hjer segir:

I. Til kenslu í landafræði.

1. Uppdráttur Íslands (eftir Þ. Thoroddsen). 2. Jarðlíkan. 3. Uppdráttur af öllum heimsálfunum.

II. Til kenslu í náttúrusögu:

1. Myndir af líkama mannsins. 2. Myndir af mannkynsflokkunum (5 and-litsmyndir). 3. Myndir af alidýrunum.